

Nr. 081 / 14 Arnþór GK 20**Skipverji fellur fyrir borð**

Skipaskr.nr. 2325 IMO nr. 9186118
Smíðaður: Ísafirði 1998 stál
Stærð: 72 brl. 106,9 bt.
Mesta lengd: 24,88 m Skráð lengd: 19,65 m
Breidd: 5,5 m Dýpt: 2,92 m
Vél: Cummins 350 kW 1998
Fjöldi skipverja: 6



Geir ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2014 var Arnþór GK 20 á veiðum með dragnót í Reykjanesröst. Veður: S 7-10 m/sek.

Verið var að kasta í Röstinni og var einn skipverji að koma pokanum fyrir borð en þegar hann var kominn í sjóinn hertist sterturinn að fæti hans. Skipstjóra var þegar gert viðvart og bakkaði hann á fullu afli, en áður en báturinn stöðvaðist dróst skipverjinn fyrir borð með restinni af voðinni. Skipverjinn náði að klæða sig úr hlífðarfatnaði og losnaði þá um fót hans.

Þegar ljóst var að skipverjinn væri laus lét skipstjóri sleppa voðinni með því að losa síðara tógið. Skipinu var lagt að skipverjanum og félagar hans köstuðu Björgvinsbelti til hans og náði hann að setja það utan um sig. Var hann hífður um borð í beltinu og að því búnu siglt til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn sagðist hafa haft það verkefni að koma pokanum fyrir borð í köstun. Hann sagðist vera vanur þessum störfum þar sem hann hafi verið á dragnótaskipum í fjögur ár;
- að skipverjinn sagðist hafa talið sig vera fyrir framan stertinn þegar hann varpaði pokanum fyrir borð en reyndin hafi verið önnur og þetta gerst hratt;
- að sterturinn liggur frá pokagjörðinni upp í belginn og sagði skipstjóri að ef stigið er inn fyrir eða aftur fyrir stertinn þegar pokanum er kastað þá

herðist strax að fætinum þegar voðin fer einnig fyrir borð. Hann sagðist ekki hafa séð til skipverjans af því hann var við störf sín bakborðsmegin á skutnum og reyk háfur skipsins bar á milli en skipverji stjórnborðsmegin lét strax vita. Hann taldi að það hefðu liðið nær tíu mínútur þar til þeir höfðu náð honum aftur um borð.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til augnabliks aðgæsluleysis skipverjans sem féll í sjóinn.